



UM VERKFÖLL

Hverja bindur verkfallsboðun

Hverjir mega vinna í verkfalli

Félagsmenn í öðrum stéttarfélögum

Áhrif á vinnu starfsmanna annarra atvinnurekenda

Ófélagsbundnir starfsmenn

Stjórnendur

Verkstjórar

Eigendur fyrirtækja

Iðnnemar

Verkfallsvarsla

Lög 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur

Hrafnhildur Stefánsdóttir, hrl.
Samtök atvinnulífsins

HVERJA BINDUR VERKFALLSBOÐUN

Félagsmönnum er bæði rétt og skylt að hlýða verkfallsboði stéttarfélags síns og leggja niður vinnu í samræmi við ákvörðun þess. Það leiðir af 3.gr. laga 80/1938 sem kveður á um að einstakir félagsmenn séu bundnir við löglega gerðar samþykktir félagsins og þess stéttarsambands sem það kann að vera í.

*Verkfallsboðun
bindur félagsmenn*

Sérstakar aðstæður geta þó takmarkað félagsskyldur þeirra að þessu leyti, svo sem ef starfsmaður er jafnframt félagsskyldur í öðru stéttarfélagi og bundinn lögmætum kjarasamningi þess félags. Hann er þá undanþeginn því að fara eftir annars lögmætum fyrirmælum stéttarfélagsins. Verkfall af hans hálfu yrði ólögmætt af þeirri ástæðu.¹ Sama gildir ef starf hans er undanþegið verkfalli skv. lögum eða kjarasamningi.

Undantekningar

Samkvæmt 3.gr. laga 80/1938 eru félagsmenn sem fyrir segir bundnir af samþykktum félagsins, þar á meðal verkfallsboði, þar til þeir samkvæmt reglum félagsins eru farnir úr því. Líta verður svo á að þeir sem eru félagsmenn í stéttarfélaginu við atkvæðagreiðslu um verkfall og eiga þar með kost á að hafa áhrif á niðurstöðu hennar séu bundnir af verkfallinu. Síðari úrsögn úr félaginu breyti því ekki.

Úrsögn úr félagi

HVERJIR MEGA VINNA Í VERKFALLI OG HVADA STÖRF?

Í verkföllum kemur oft upp ágreiningur um það hverjir megi vinna. Spurningin snýr annars vegar að því hverjum er skylt að leggja niður vinnu og hins vegar hvort öðrum sé þá heimilt að ganga í störf þeirra.

Við verkfall leggja þeir starfsmenn sem verkfallið tekur til og eru félagsmenn í viðkomandi stéttarfélagi niður venjuleg störf sín að einhverju eða öllu leyti. Starfið fellur ekki niður. Vinnuveitanda er eftir sem áður heimilt að halda uppi starfsemi sinni með öðrum ráðum að svo miklu leyti sem 18. gr. laga um stéttarfélög og vinnudeilur setur því ekki skorður. Greinin er svohljóðandi:

Þegar vinnustöðvun hefur verið löglega hafin, er þeim, sem hún að einhverju leyti beinist gegn, óheimilt að stuðla að því að afstýra henni með aðstoð einstakra meðlima þeirra félaga eða sambanda, sem að vinnustöðvuninni standa.

18. gr. l. 80/1938

Í athugasemdum við frumvarpið að lögunum segir að stundum sé reynt að hnekkja vinnustöðvun með því að fá menn, svokallaða verkfallsbrjóta, til að vinna. Venjulega hafi það ekki áhrif á lausn deilunnar en fyrir hafi komið að það hafi í för með sér barsmíð og jafnvel meiðsl. Þess vegna sé í greininni bannað að reyna að afstýra vinnustöðvun með aðstoð manna sem félagsbundnir eru í stéttarfélagi gagnaðila.²

Skýringar

¹ Sbr. Fd. 1/1974 (25.júní 1974), Fd. 11/1994 (17.okt. 1994) og Fd. 8/1961 (10. ág.1961).

² Álit vinnulöggjafarnefndar 1938 bls. 88, sbr. bls. 75. Athugasemd við 18.gr.l. 80/1938.

Lögin banna því aðeins að félagsmenn þeirra félaga eða sambanda sem að vinnustöðvun standa séu settir í störf verkfallsmanna.³ Þannig verður að telja að Alþýðusamband Íslands og landssambönd þess standi að verkfalli aðildarfélags síns hafi þau lýst stuðningi við deiluna eða a.m.k. viðurkennt hana. Starfsmanni sem er félagsmaður í verkalýðsfélagi innan vébanda Alþýðusambandsins eða landssambands er því óheimilt að ganga í störf verkfallsmanna í slíkum tilvikum.⁴

*Félagsmenn
félaga eða
landssambanda
sem standa að
verkfalli*

Í Fd. 6/2000 var tekist á um það hvort löndunarbann væri innan þeirrar heimildar sem stéttarfélag hefur til að koma í veg fyrir að félagsmenn þess gangi í störf annarra sem eru í verkfalli. Þannig hagaði til að í verkfalli verkamanna í fiskimjölsverksmiðjum á Austurlandi tilkynnti stéttarfélagið stefnanda sem rak Krossanesverksmiðjuna á Akureyri þá ákvörðun félagsins að banna félagsmönnum sínum að landa og vinna afla úr tilteknum skipum sem landi að jafnaði hjá þeim fiskimölsverksmiðjum sem verkfallið beindist gegn. Var ákvörðunin byggð á 18. gr. laga 80/1938.

*Heimildir
stéttar-
félags skv. 18.
gr.*

Niðurstaða dómsins var að þótt framlögð gögn gefi almennt vísbendingu um að umrædd skip landi að jafnaði afla sínum á verkfallssvæðunum sýni sömu gögn að það sé engan veginn einhlítt. Stéttarfélagið þótti því ekki hafa sýnt fram á að grundvöllur hins umdeilda banns hafi verið það traustur að á honum yrði byggt. Bannið var því ólöglegt. Í bótamáli vegna verkfallsvörslu stéttarfélags á Vestfjörðum í verkfalli landverkafólks var talið að áform útgerðarinnar um löndun í Reykjavík hefðu verið ætluð til að sneiða hjá áfrifum verkfallsins og falið í sér brot gegn 18. gr. laga 80/1938 og réttmætum hagsmunum stéttarfélagsins, sbr. Hrd. 215/2000.⁵

Atvinnurekanda á því að vera heimilt að fela mönnum sem eru óbundnir af félagi eða sambandi sem að vinnustöðvuninni stendur að ganga inn í störf þeirra sem eru í verkfalli.⁶ Þetta er umdeilt þar sem verkalýðshreyfingin telur verkfall ná til allra þeirra sem taka kjör eftir þeim kjarasamningi sem verið er að knýja á að gerður verði.⁷ Sú afstaða á sér hvorki stoð í lögum né dómaframkvæmd. Í dómi Félagsdóms 4/1987 (IX:182) sem ASÍ vísar til var vissulega um að ræða starfsmenn sem voru hluthafar stefnanda og jafnframt ófélagsbundnir. Eins og málið lá fyrir komu áhrif eignaraðildar stafsmanna hins vegar eingöngu til skoðunar í niðurstöðu dómsins. Dómur hefur því ekki fordæmisgildi hvað þetta varðar.

³ Fd. nr. 15/2001. Viðurkennt var að Bervík ehf. hafi brotið gegn 18.gr. laga nr. 80/1938 með því að nýta sér starfskrafta félagsmanna stéttarfélagsins til að geta haldið skipinu á veiðum.

Sjá hins vegar Fd. 11/1997 (23.okt.1997). Stefndi BSÍ Hópferðabílar átti ekki aðild að umræddri kjaradeilu og hafði ekki í sinni þjónustu félagsmenn stéttarfélagsins. Þá lá fyrir að starfsmenn sérleyfishafans voru félagsmenn annars stéttarfélags sem ekki átti aðild að vinnudeilunni. Með vísan til þessa varð ekki talið að stefndi hafi brotið gegn 18.gr. 80/1938 með því að hafa milligöngu um að greindur sérleyfishafi tæki að sér aksturinn.

⁴ Sigurður Líndal, Vinna og verkföll, Hverjir mega vinna og hverjir ekki í löglega boðuðu verkfalli, Úlfjótur 4. tbl. 1978, bls. 293-294.

⁵ Sjá nánari umfjöllun á bls. xxx

⁶ Sigurður Líndal, sama. Álit vinnulöggjafarnefndar 1938 bls. 88, sbr. bls. 75. Athugasemd við 18.gr. l. 80/1938.

⁷ Sjá umfjöllun um vinnu í verkfalli, 18.gr. l. 80/1938 á [vef ASÍ](#).

Þá hefur því verið haldið fram að hefð sé komin á þá framkvæmd að félögum sé heimilt að koma alfarið í veg fyrir að gengið sé inn á verksvið þeirra í verkföllum.⁸ Á það hefur hins vegar verið bent að hæpið sé að hægt sé að þvinga menn til ákveðinnar háttsemi og leggja hana síðan til grundvallar sem venjuhelgaða reglu.⁹

Þess ber þó að gæta að þar sem stéttarfélög ráða málefnum sínum sjálf samkvæmt lögum hefur verið litið svo á að þau hefðu tiltölulega frjálsar hendur um það hvernig þau höguðu verkfallsframkvæmd sinni að svo miklu leyti sem lög, og þá fyrrnefnd 18. gr., eða samningar leiða ekki til annars.

*Forræði
stéttarfélaga*

Félagsmenn í öðrum stéttarfélögum

Boðvald stéttarfélagsins nær ekki til annarra en eigin félagsmanna. Ákvæði 3. greinar vinnulöggjafarinnar er skýrt að þessu leyti þar sem talað er um einstaka meðlimi stéttarfélaga. Af því leiðir að félagið hefur ekki lagaheimild til að skipa félagsmönnum annarra stéttarfélaga eða þeim mönnum sem kunna að standa utan félaga að leggja niður störf sín. Er það í samræmi við almennar reglur um að menn verði ekki skyldaðir til að hlýða fyrirmælum annarra aðila nema að þeir hafi tekið á sig slíka skyldu með samningum, svo sem með inngöngu í félag, eða þeim sé það skylt samkvæmt lagaboði.

*Boðvald
stéttarfélagsins nær
ekki til annarra en
eigin félagsmanna*

Verkfall tekur ekki til starfsmanna sem eru í öðrum stéttarfélögum.¹⁰ Þeim er rétt og skylt að vinna sín venjubundnu störf eins og ekkert hafi í skorist. Er þar átt við þau störf sem starfsmaðurinn að öllu jöfnu hefur með höndum. Meginreglan er að starfsskyldur hans hvorki aukast né minnka vegna verkfallsaðgerðanna.

Enda þótt starfssvið kunni að skarast er stéttarfélagi því óheimilt að banna öðrum starfsmönnum sem ekki eru í félaginu að inna af hendi venjubundin störf sín. Félagsdómur hefur talið að verkfall taki ekki til starfsmanna sem eru félagsmenn í öðru stéttarfélagi, taka laun skv. samningi þess félags og hafa ekki tekið þátt í ákvörðun um verkfallsboðunina. Vinnuveitanda sé heimilt að láta þá vinna áfram sömu störf og þeir unnu áður án þess að brotið sé gegn ákvæðum 18. gr. vinnulöggjafarinnar. Skiptir þá ekki máli þótt starfið sé á samningssviði þess félags sem er í verkfalli, sbr. Fd. II:63.¹¹

*Starfið á samnings-
sviði þess félags
sem er í verkfalli*

Stéttarfélag getur hins vegar, samkvæmt ákvæðum margnefndrar 18. greinar, átt rétt á að banna starfsmönnum sem eru félagsmenn í öðrum félögum sem eiga aðild að verkfallinu að vinna annað en venjuleg störf sín.¹²

⁸ Lára V. Júlíusdóttir, bls. 193-194, Armundur Backman og Gunnar Eydal, Vinnuréttur, bls. 90 og Gunnar Sæmundsson, Verkfallsheimildir og réttur til að halda uppi verkfallsvörslu, Úlfjótur 4. tbl. 1978.

⁹ Sigurður Línadal, bls. 303.

¹⁰ Þeir taka heldur ekki þátt í atkvæðagreiðslu um verkfallið, sbr. Fd. 8/1944 (16.ág.1944)

¹¹ Sjá einnig Fd. 9/1944 (16.ág.1944).

¹² Sbr. Fd. 1/1941 (14.feb.1941); Fd. 3/1943 (23.mars 1943).

Áhrif á vinnu starfsmanna annarra atvinnurekenda

Verkfall hefur ekki áhrif á þjónustu fyrirtækja sem eiga ekki beina aðild að viðkomandi kjaradeilu og eru ekki með starfsmenn sem eru félagsmenn í því stéttarfélagi sem á í verkfalli. Fyrir Félagsdómi var deilt um hvort umboðsskrifstofa sem svo hagaði til um hafi gerst brotleg við 18. gr. vinnulöggjafarinnar með því að fá sérleyfishafa frá Borgarnesi til að aka með farþega í verkfalli Bifreiðstjórafélagsins Sleipnis. Umboðsskrifstofan var sýknuð með vísan til þessa. Jafnframt því sem tekið er fram í dómnum að skrifstofan hafði ekki stöðu vinnuveitanda gagnvart sérleyfishafanum.¹³

Afgreiðsla vöru eða þjónusta

Afgreiðsla vöru eða önnur þjónusta við vinnuveitanda sem verkfall er hjá fellur þannig ekki undir 18. gr. laganna.¹⁴ Stéttarfélag getur því ekki bannað félagsmönnum sínum að vinna slík störf nema að boða annað hvort löglega til samúðarverkfalls eða geta sýnt fram á að bannið sé innan þeirrar heimildar sem stéttarfélag hefur til að koma í veg fyrir að félagsmenn þess gangi inn í störf annarra sem eru í verkfalli.¹⁵

Deilt var um hvort bann stéttarfélags við vinnu við uppskipun og vinnslu afla úr skipum sem höfðu að jafnaði landað hjá þeim fiskimjölsverksmiðjum sem verkfall beindist gegn ætti sér stoð í 18. gr. laga um stéttarfélög og vinnudeilur. Talið var að þótt gögn um landanir umræddra skipa gæfu almennt vísbendingu um að þau landi að jafnaði afla sínum á verkfallssvæðum sýndu sömu gögn að það var engan veginn einhlítt. Því þótti ekki sýnt fram á að grundvöllur hins umdeilda banns hafi verið það traustur að á honum yrði byggt. Löndunarbannið var því dæmt ólöglegt, sbr. Félagsdóm nr. 6/2000.

Fyrri landanir komu einnig til skoðunar í dómi Hrd. 215/2000. Fyrirtækið starfrækti bæði útgerð og rak fiskvinnslu á Ísafirði. Hráfnis til vinnslunnar var að miklu leyti aflað með veiðum fiskiskipa þess sjálfs þar á meðal var umrædds togara en honum hafði verið haldið til veiða á botnfiski í þágu þessarar vinnslu um langt skeið þegar verkfallið hófst að frátöldum nokkrum ferðum á útmánuðum. Dómurinn leit hins vegar svo á að útgerð togarans til ísfisksveiða og starfræksla vinnslustöðvar eigandans væri samþættur atvinnurekstur er hlyti að verða fyrir beinum áhrifum af verkfallinu. Áfrýjandi hafi ekki sýnt fram á að löndun á botnfiski úr þeirri veiðiferð sem átti að ljúka í Reykjavík hafi verið til annars ætluð en að sneiða hjá þessum áhrifum. Áform atvinnurekandans um þessa löndun þóttu því hafa falið í sér brot gegn 18.gr. laga 80/1938 og réttmætum hagsmunum stéttarfélagsins af verkfallinu.

Ófélagsbundnir starfsmenn

Ófélagsbundnum mönnum er heimilt að vinna í verkfalli. Þeim er á sama hátt og öðrum starfsmönnum sem ekki eru félagsmenn í því stéttarfélagi sem stendur að verkfallinu rétt og skylt að vinna sín störf.

Heimilt að vinna

¹³ Sjá Fd. 11/1997; (23.okt.1997)

¹⁴ Fd. 11/1943 (7.nóv.1944).

¹⁵ Fd. nr. 6/2000.

Eins og fram kemur í umfjöllun um félagsmenn annarra stéttarfélaganna nær boðvald stéttarfélaganna ekki til annarra en eigin félagsmanna, sbr. 3.gr. laga 19/1938.

*Boðvaldið
takmarkast við
félagsmenn*

Almennt bann við að ganga í störf verkfallsmanna á sér hvorki stoð í vinnulöggjöfinni né öðrum reglum.¹⁶

Þeir sem standa utan stéttarfélaganna eiga þess ekki kost að taka þátt í ákvörðun um verkfallsboðunina en Félagsdómur hefur áður vísað til þessa atriðis í röksemdafærslu sinni, sbr. Féld. 8/1944 (16.ág.1944). Það eiga einungis atkvæðisbærir félagsmenn sbr. 15.gr. vinnulöggjafarinnar. Í þessu sambandi ber einnig að horfa til stöðu ófélagsbundinna manna að öðru leyti. Þeir njóta, eðli máls samkvæmt, ekki sömu réttinda í verkfalli og félagsmenn stéttarfélaganna og eiga almennt ekki rétt til bóta úr verkfallssjóði félagsins.¹⁷

Þátttaka í ákvörðun

*Ráðningarkjör skv.
kjarasamningi*

Með stjórnarskrárbreytingunni 1995 var bætt í mannréttindakafla stjórnarskrárinnar, 74.gr., ákvæði um að engan megi skylda til aðildar að félagi. Það styður einnig þá niðurstöðu að utanfélagsmenn verði ekki bundnir af ákvörðun um verkfall í félagi sem þeir eiga ekki aðild að.

*Félagafrelsi
skv. stjórnarskrá*

Þá hafa nokkrir dómur gengið sem heimila yfirmönnum að sinna störfum undirmanna sinna í verkfalli sbr. umfjöllun í næsta kafla.

Stjórnendur

Verkfall nær ekki til stjórnenda í fyrirtækjum og er þá átt við þá sem hafa með höndum framkvæmdastjórn fyrirtækis eða einstakra deilda þess.¹⁸

*Geta gengið í
störf undirmanna*

Stjórnendum er heimilt að ganga í störf undirmanna sinna sem eru í verkfalli sbr. eftirfarandi dóma:

Hrd. 25.sept.1986 (151/1986). Deilt var um rétt rektors Háskóla Íslands til að opna dyr skólans fyrir kennurum og nemendum í verkfalli BSRB en verkfallsverðir hindruðu það. Í dómnum er tekið fram að rektor sé æðsti yfirmaður skólans. Hvorki lög né aðrar réttarreglur stóðu í vegi fyrir því að honum væri heimilt að opna hús Háskólans þannig að þar yrði haldið uppi lögbundinni starfsemi þrátt fyrir verkfallið¹⁹. Ágreiningslaust var að þeir kennarar sem annast skyldu kennslu voru ekki í samtökum stefnda, BSRB. Aðgerðir stéttarfélaganna voru því dæmdar ólögmatar og því gert að bæta Háskólanum tjón hans.

Rektor

¹⁶ Sigurður Línadal, bls. 318.

¹⁷ Í dómi Fd. 4/1987 (30.júní 1987) var um að ræða starfsmenn sem voru hluthafar stefnanda og jafnframt ófélagsbundnir. Eins og málið lá fyrir komu áhrif eignaraðildar starfsmanna eingöngu til skoðunar í niðurstöðu dómsins.

¹⁸ Sbr. umfjöllun um stjórnendur á vef ASÍ. Þar segir að talið hafi verið að sú heimild næði fyrst og fremst til stjórnunarstarfa og stjórnunarsviðs viðkomandi. Dómar Hæstaréttar hafi breytt þessari mynd.

¹⁹ Nánar tiltekið ákvæði þágildandi laga 29/1976 um kjarasamninga Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og ákvæða laga 80/1938 auk annarra réttarreglna.

Hrd. 14.mars 1991 (287/1989). Í verkfalli flugafgreiðslufólks á Akureyri hindruðu verkfallsverðir farþega í því að komast að afgreiðsluborði Flugleiða auk þess að hefta með valdi för farþegans út í flugvélina. Talið var að umdæmisstjóra Flugleiða hafi verið heimilt að afgreiða farþega þrátt fyrir verkfallið enda hafi hann mátt ganga í störf undirmanna sinna við afgreiðslustörf eins og önnur störf við afgreiðslu flugvélarinnar. Atbeina félagsmanna stéttarfélagssins hafi ekki þurft til að farþeginn færi út í flugvélina. Aðgerðir verkfallsvarða stéttarfélagssins hafi því ekki verið þáttur í að koma í veg fyrir verkfallsbrot, sbr. 18.gr. l. 80/1938, heldur hafi þær einungis beinst að því að hefta för stefnanda og því ólögðmætar gagnvart farþeganum. Var félagið því dæmt bótaskyldt. Í Hæstarétti voru farþeganum einnig dæmdar miskabætur vegna þess harðræðis sem ljóst þótti að hann hefði sætt vegna athafna verkfallsvarðanna.

Umdæmisstjóri

Hrd. 24. febrúar 1994 (3/1992). Verkfallsverðir hindruðu að forstjóri Flugleiða afgreiddi farþega í verkfalli verslunarmanna. Talið var að það hafi ekki brotið í bága við ákvæði laga 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur eða aðrar réttarreglur að forstjórinn innti af hendi afgreiðslustörf í stað undirmanna sinna í verkfalli. Ekki þótti sýnt fram á að atbeina félagsmanna verslunarmannafélagsins hafi þurft til að farþegarnir kæmst með farangur sinn um borð í flugvélina og fengju nauðsynlega fyrirgreiðslu þar. Aðgerðir verkfallavarðanna töldust því ekki vera þáttur í að koma í veg fyrir verkfallsbrot, sbr. 18.gr. laga 80/1938. Hæstiréttur tekur auk þess fram að telja verði nægilega í ljós leitt að verkfallsverðir hefðu hindrað för farþegans með valdi hefði hann látið á það reyna. Skipti því ekki máli að hann lét það ógert. Með vísan til þessa voru aðgerðir verkfallsvarða stéttarfélagssins taldar ólögðmætar og félagið dæmt bótaskyldt.

Forstjóri

Af fyrrgreindum dómum er ljóst að verkfall takmarkar ekki rétt yfirmanna til að sinna störfum undirmanna sinna í verkfalli. Þeim er það heimilt en almennt verður að gera ráð fyrir að þeir séu ekki félagsmenn í viðkomandi stéttarfélagi eða sambandi.

Verkfall takmarkar ekki rétt stjórnenda

Líta verður svo á að með stjórnendum sé átt við þá sem hafa á hendi framkvæmdastjórn fyrirtækja eða stjórnun einstakra þátta atvinnurekstrar. Verslunarstjórar, deildarstjórar og aðrir yfirmenn teljast stjórnendur í þessu sambandi, ef þeir hafa stjórnunarábyrgð og virk mannaforráð.

Stjórnendur skilgreining

Verkstjórar

Sömu sjónarmið gilda um verkstjóra. Þeir eru oftast í verkstjórafélögum sem eru utan Alþýðusambands Íslands. Verkstjóra er þess vegna heimilt að ganga í öll störf en getur færst undan ef þau samrýmast ekki starfsskyldum hans skv. ráðningarsamningi.²⁰ Í kjarasamningi VSÍ og Verkstjórasambands Íslands er þó ákvæði um að verkföll skuli ekki skerða rétt verkstjóra til þess að fá kaup enda sé honum eftir sem áður skyld að gæta þess verðmætis sem honum er trúað fyrir og hefur umsjón með. Í öðrum ákvæðum sama samnings er lögð áhersla á að verkstjóri sé fulltrúi vinnuveitandans og hafi öðrum fremur skyldum við hann að gegna. Því verður að líta svo á að verkstjóra beri að sinna starfsskyldum sínum í verkfalli og gæta hagsmuna vinnuveitanda síns sem best.

Vinna áfram og sinna starfsskyldu sinni

²⁰ Sigurður Línadal, bls. 317.

Eigendur fyrirtækja og fjölskyldur þeirra

Eigenda fyrirtækis verður ekki bannað að vinna í verkfalli án tillits til hvort hann eigi aðild að stéttarfélagi eða sé innan stéttarfélagasambands.²¹ Eigendum er ekki aðeins heimilt að vinna venjubundin störf sín heldur geta þeir einnig gengið inn í störf þeirra starfsmanna sem eru í verkfalli. Í þessu sambandi vísast til dóma Hæstaréttar um rétt stjórnenda til að vinna í verkfalli sem reifaðir eru hér að framan. Vegna eignarréttarsjónarmiða hlýtur réttur eigenda óhjákvæmilega að verða rýmri en heimildir stjórnenda. Það á því ekki að skipta máli hvort þeir starfa venjulega í fyrirtækinu eða ekki þar sem þeim er í öllum tilvikum rétt að gæta hagsmuna sinna sem eigenda.

Heimilt að vinna

Eigendur teljast, í þessu sambandi, eigendur einstaklings- og sameignarfyrirtækja sem bera ótakmarkaða fjárhagslega ábyrgð á rekstrinum. Sama gildir um hluthafa hlutafélaga og einkahlutafélaga sem eiga einir eða ásamt fjölskyldu sinni meirihluta í félaginu eða koma á annan hátt fram sem atvinnurekendur gagnvart starfsmönnum. Benda má á að í dómi Fd. 4/1987 (30.júní 1987), voru hluthafar sem voru félagar í Félagi ráðgjafarverkfræðinga, en fulltrúaráð þess var viðsemjandi stéttarfélagsins, taldir hafa stöðu vinnuveitenda þótt hlutafjäreign ein og sér væri ekki talin veita hluthöfunum stöðu vinnuveitanda.²²

*Eigendur
skilgreining*

Almennir hluthafar sem starfa í fyrirtækinu teljast venjulega ekki til eigenda í þessu sambandi.

Með sömu rökum myndi fjölskyldu eiganda fyrirtækis alla jafna vera heimilt að starfa við fyrirtækið í verkfalli, a.m.k. ef fjölskyldan ætti afkomu sína undir viðgangi fyrirtækisins. Í einum dómi Félagsdóms, 4/1964 (28.okt.1964), er talað um eiganda verslunar og einstaklinga úr skylduliði hans, án þess að það sé skilgreint nánar. Maki og börn eiganda falla vafalaust hér undir og jafnvel foreldrar og tengdabörn. Vegna

Fjölskylda

²¹ Sjá vef ASÍ. Þar segir að ekki hafi verið talið skipta máli hvort eigandi er í stéttarfélagi eða innan stéttarfélagasambands. Réttur hans til starfa hafi verið talin helgast af eignarréttarlegum þáttum. Það sé ágreiningslaus meginregla að íslenskum rétti að menn verði ekki þvingaðir til að aðhafast neitt sem grefur undan mikilverðustu hagsmunum þeirra eins og lífsafkomu nema mikil nauðsyn þjóðfélagsins krefjist. Meiri vafi leiki á um rétt hluthafa í fyrirtæki sem eru félagsmenn í stéttarfélagi sem á í verkfalli.

²² Í þeim dómi, Fd. 4/1987 (30.júní 1982), reyndi á stöðu starfsmanna sem voru hluthafar stefnanda og jafnframt ófélagsbundnir. Krafa stefnanda var að stéttarfélaginu yrði dæmt skylt að þola að eigendur verkfræðistofunnar sem ekki væru félagar í stéttarfélaginu, vinni verkfræðistörf í verkfalli félagsmanna stéttarfélagsins. Krafan var aðallega studd þeim rökum að stefnandi væri hlutafélag og eigendur starfi hjá félaginu. Af því leiði að þeir séu ekki félagar í stéttarfélaginu. Í dómi Félagsdóms segir að verkfallið hafi beinst að viðsemjanda þess, fulltrúaráði Félags ráðgjafarverkfræðinga (F). Eins og aðild félagsmanna í F að fulltrúaráði félagsins sé háttáð, verði að telja óeðlilegt að gera þeim skylt að taka þátt í verkfalli stéttarfélagsins. Hins vegar verði ekki fallist á með stefnanda, að allir hluthafar verkfræði stofunnar vinni verkfræðistörf í löglega boðuðu verkfalli stefnda, þar sem hlutafjäreign ein og sér verður ekki talin veita hluthafanum stöðu vinnuveitanda. Eins og málið lá fyrir komu áhrif eignaraðildar starfsmanna eingöngu til skoðunar í niðurstöðu dómsins.

eignarréttarsjónarmiða eru engin rök til að binda heimildir barna eigenda við ákveðinn aldur.

Iðnnemar

Iðnnemar hafa almennt ekki haft verkfallsrétt. Starf þeirra byggir á lögbundnum námssamningi²³ en ekki ráðningarsamningi. Hvorki Iðnnemasamband Íslands né einstök félög iðnnema hafa því verið talin hafa réttarstöðu stéttarfélags.²⁴ Mætingarskylda iðnnema rofnar því ekki við boðun verkfalls nema því aðeins að þeir séu fullgildir félagar í viðkomandi sveinafélagi. Annars ber þeim að sinna venjubundnum störfum sínum eftir því sem kostur er.

Ekki verkfallsréttur

*Félagar í
sveinafélagi*

VERKFALLSVARSLA

Stéttarfélögum er heimil verkfallsvarsla með friðsamlegum aðgerðum til að koma í veg fyrir verkfallsbrot, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 215/2000.

*Friðsamlegar
aðgerðir til að
koma í veg fyrir
verkfallsbrot*

Með verkfallsbroti er átt við að þeir sem vinnustöðvunin beinist að einhverju leyti gegn stuðli að því að afstýra henni með aðstoð einstakra meðlima þeirra félaga eða sambanda sem standa að vinnustöðvuninni, sbr. 18.gr. laga 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur.

Samkvæmt fyrrgreindum dómi Hæstaréttar tilheyrir það verkfallsrétti að landslögum að fólki og félögum í lögmætu verkfalli sé heimilt að verjast því með friðsamlegum aðgerðum að reynt sé að eyða eða draga úr áhrifum verkfalls af hálfu þeirra sem það beinist gegn með því að fá aðra til að leysa af hendi vinnu sem lögð hefur verið niður. Aðgerðirnar verði að samræmast hinum sameiginlegum markmiðum sem að sé stefnt með verkfallinu og megi ekki ganga úr hófi fram miðað við þær aðstæður sem þörf er talin að bregðast við. Þá geti rétturinn til verkfallsvörslu eftir atvikum náð til aðgerða utan svæðisins sem verkfallið nær yfir að virtum hagsmunum launþega og stéttarfélaga og annarra sem þar er fyrir að hitta.

Þannig hagaði til að við komu togarans til hafnar í Reykjavík höfðu verkfallsverðir Vestfirska stéttarfélagsins tekið sér stöðu á bryggjunni og lagt bílum sínum þannig að löndunartæki kæmust ekki að skipshlið. Engin átök urðu né að beinar hótanir um valdbeitingu væru hafðar uppi. Jafnframt er tekið fram í dóminum að löndun aflans hljóti öðru fremur að vera undir því komin að uppskipunarmenn úr hópi Dagsbrúnarmanna fengjust til vinnu að verkinu. Verkamannasambandið hafði áður beint því til aðildarféлага sinna að séð yrði til þess að félagsmenn þeirra gengju ekki í störf stéttarsystkina sinna á Vestfjörðum auk þess sem stjórn Dagsbrúar hafði samþykkt að félagsmenn þess mættu ekki ganga í störf þeirra. Vinnuveitenda- sambandið hafi mótmælt því og lýst þeirri skoðun að aðgerðir sem þessar annars staðar á landinu gætu ekki talist lögmætar nema boðað væri samúðarverkfall. Á það var ekki fallist eins og fram kemur hér að ofan.

²³ Sbr. reglugerð um vinnustaðanám og starfsþjálfun á vinnustað, nr. 840/2011.

²⁴ Fd. 3/1976 (22.feb.1977).

Það telst hins vegar ekki til verkfallsvörslu að hindra þá sem þurfa ekki atbeina félagsmanna stéttarfélagsins til að sinna erindum sínum. Slíkar aðgerðir verkfallsvarða eru ekki þáttur í að koma í veg fyrir verkfallsbrot og því ólögðmætar, sbr. áður nefnda dóma Hæstaréttar um stjórnendur, nr. 287/1989 og 3/1992.

Í fyrr nefndu máli, Hrd. 215/2000, var krafist skaðabóta vegna tjóns sem stéttarfélag á Vestfjörðum hafi valdið með ólögðmætum hætti við verkfallsvörslu þegar félagsmenn þess komu í veg fyrir löndun úr togara frá Ísafirði í Reykjavíkurböfn. Stéttarfélagið hafði áður boðað verkfall meðal landverkafólks á félagssvæði sínu en talið var að rekstur útgerð togarans og rekstur vinnslustöðvar eigandans á Ísafirði væri samþættur atvinnurekstur og hefðu áform útgerðarinnar um löndun í Reykjavík verið ætluð til að sneiða hjá áfrifum verkfallsins og falið í sér brot gegn 18.gr. laga 80/1938 og réttmætum hagsmunum stéttarfélagsins.

Meginreglan er að stéttarfélög ákveða sjálf hvernig þau haga verkfallsstjórn að teknu tilliti til settra laga og eigin samþykktu.²⁵

²⁵ Sbr. umfjöllun um verkfallsstjórn á vef ASÍ.

Lög um stéttarfélög og vinnudeilur

80/1938 sbr. l. nr. 75/1996

I. kafli. Um réttindi stéttarfélaganna og afstöðu þeirra til atvinnurekenda.

1. gr.

Ž Rétt eiga menn á að stofna stéttarfélög og stéttarfélagasambönd í þeim tilgangi að vinna sameiginlega að hagsmunamálum verkalyðsstéttarinnar og launtaka yfirleitt.

2. gr.

Ž Stéttarfélög skulu opin öllum í hlutaðeigandi starfsgrein á félagssvæðinu, eftir nánara ákveðnum reglum í samþykktum félaganna. Félagssvæði má aldrei vera minna en eitt sveitarfélag.

3. gr.

Ž Stéttarfélög ráða málefnum sínum sjálf með þeim takmörkunum sem sett eru í lögum þessum. Einstakir meðlimir félaganna eru bundnir við löglega gerðar samþykktir og samninga félagsins og stéttarsambands þess sem það kann að vera í.

Ž Meðlimur stéttarfélags hættir að vera bundinn af samþykktum félags síns og sambands þess þegar hann samkvæmt reglum félagsins er farinn úr því, en samningar þeir sem hann hefur orðið bundinn af, á meðan hann var félagsmaður, eru skuldbindandi fyrir hann, meðan hann vinnur þau störf sem samningurinn er um þar til þeir fyrst gætu fallið úr gildi samkvæmt uppsögn.

4. gr.

Ž Atvinnurekendum, verkstjórum og öðrum trúnaðarmönnum atvinnurekenda er óheimilt að reyna að hafa áhrif á stjórnmalaskoðanir verkamanna sinna, afstöðu þeirra og afskipti af stéttar- eða stjórnmalafélögum eða vinnudeilum með:

- a. uppsögn úr vinnu eða hótunum um slíka uppsögn,
- b. fjárgreiðslum, loforðum um hagnað eða neitunum á réttmætum greiðslum.

5. gr.

Ž Stéttarfélög eru lögformlegur samningsaðili um kaup og kjör meðlima sinna, enda hafi félagið í samþykktum sínum ákveðið að láta starfsemi sína taka til slíkra málefna.

Ž Samninganefnd eða fyrirsvarsmaður, sem kemur fram fyrir hönd samningsaðila við gerð kjarasamnings, hefur umboð til þess að setja fram tillögur að samningi, taka þátt í samningaviðræðum og undirrita kjarasamning fyrir hönd hlutaðeigandi félags eða samtaka. Samninganefnd er heimilt að fela sameiginlegri samninganefnd fleiri félaga eða sambanda umboð sitt til samningsgerðar að hluta eða að öllu leyti. Þá er

samninganefnd heimilt að kveða á um sameiginlega atkvæðagreiðslu félagsmanna hlutaðeigandi félaga eftir því sem nefndin kann að ákveða hverju sinni eða um kann að semjast með kjarasamningi.

Ž Þegar kjarasamningur hefur verið undirritaður af til þess bærum fulltrúum samningsaðila gildir hann frá undirskriftardegi sé ekki á annan veg samið, nema hann sé felldur við leynilega atkvæðagreiðslu með meiri hluta greiddra atkvæða og minnst fimmtungs þátttöku samkvæmt atkvæða- eða félagaskrá innan fjögurra vikna frá undirritun. Fari fram almenn leynileg póstatkvæðagreiðsla meðal félagsmanna um gerðan kjarasamning gildir niðurstaða hennar óháð þátttöku. Nú tekur kjarasamningur einungis til hluta félagsmanna eða starfsmanna fyrirtækis og er þá heimilt að ákveða í samningnum að þeir einir séu atkvæðisbærir um hann, enda komi þar skýrt fram hvernig staðið verði að atkvæðagreiðslu.

Ž Standi fleiri en tvö stéttarfélög að gerð kjarasamnings, vinnustaðarsamnings, fyrir félagsmenn á sama vinnustað skal hann borinn sameiginlega undir atkvæði allra félagsmanna sem hann tekur til og ræður meiri hluti niðurstöðu. Um gildistöku og afgreiðslu vinnustaðarsamnings fer að öðru leyti samkvæmt ákvæðum 2. mgr.

Ž Skýlt er samningsaðilum að stuðla að því að félagsmenn þeirra virði gerða kjarasamninga.

6. gr.

Ž Allir samningar milli stéttarféлага og atvinnurekenda um kaup og kjör verkafólks skulu vera skriflegir og samningstími og uppsagnarfrestur tilgreindur. Ella telst samningstími eitt ár og uppsagnarfrestur þrjú mánuðir. Sé samningi ekki sagt upp innan uppsagnarfrests telst hann framlengdur um eitt ár, nema annað sé ákveðið í samningnum sjálfum. Samningsuppsögn skal vera skrifleg.

7. gr.

Ž Samningar einstakra verkamanna við atvinnurekendur eru ógildir að svo miklu leyti sem þeir fara í bága við samninga stéttarfélags við atvinnurekandann, enda hafi félagið ekki samþykkt þá.

8. gr.

Ž Stéttarfélög bera ábyrgðina á samningsrofum þeim sem félagið sjálft eða löglega skipaðir trúnaðarmenn þess gerast sekir um í trúnaðarstörfum sínum fyrir félagið. Þó er ekki heimilt að gera aðför í fundarhúsum, sjúkrastyrktarsjóðum né slysa- og menningarsjóðum félaganna vegna þessarar ábyrgðar, enda séu eignir sjóðanna skýrt aðgreindar frá eignum félagsins og óheimilt að verja þeim til almennra þarfa þess. Á samningsrofum einstakra meðlima sinna ber félagið því aðeins ábyrgð að því verði gefin sök á samningsrofinu.

Ž Ófélagsbundnir atvinnurekendur og launamenn utan stéttarféлага bera einir ábyrgð á samningsrofum af sinni hálfu. Nú er ekki sýnt fram á aðild samningsaðila að aðgerðum sem jafna má til vinnustöðvunar og ber félagsmaður þá sjálfur ábyrgð á þátttöku sinni í þeim.

9. gr.

Ž Á hverri vinnustöð, þar sem a.m.k. 5 menn vinna, hefur stjórn stéttarfélags þess sem á staðnum er í viðkomandi starfsgrein rétt til að tilnefna 2 menn til trúnaðarmannsstarfa úr hópi þeirra sem á staðnum vinna. Skal atvinnurekandi samþykkja annan þeirra sem trúnaðarmann stéttarfélagsins á vinnustöðinni. Trúnaðarmaður skal gæta þess að gerðir vinnusamningar séu haldnir af atvinnurekanda og fulltrúum hans og að ekki sé gengið á félagslegan eða borgaralegan rétt verkamanna. Þetta ákvæði nær þó ekki til landbúnaðarverkafólks né áhafna skipa eða báta sem ekki er skylt að lögskrá á.

Ž Sjálfstæð vinnustöð telst í þessu sambandi sérhvert atvinnufyrirtæki þar sem hópur manna vinnur undir stjórn sérstaks verkstjóra og flokksstjóra, svo sem: Verksmiðjur, fiskverkunarstöðvar, skipaafgreiðslur, skip, bifreiðastöðvar o.fl.

Ž Verði ágreiningur á milli stéttarféлага um hvert þeirra skuli skipa trúnaðarmann úrskurðar Alþýðusamband Íslands ágreininginn.

10. gr.

Ž Verkamönnum ber að snúa sér til trúnaðarmanns stéttarfélagsins með umkvartanir sínar yfir atvinnurekanda og fulltrúum hans.

Ž Strax og trúnaðarmanni hefur borist umkvörtun verkamanns eða hann telur sig hafa ástæðu til að ætla að gengið sé á rétt verkamanns eða verkalýðsfélags á vinnustöð hans af hálfu atvinnurekandans eða fulltrúa hans ber honum að rannsaka málið þegar í stað. Komist hann að þeirri niðurstöðu að umkvartanir eða grunur hans hafi haft við rök að styðjast ber honum að snúa sér til atvinnurekandans eða umboðsmanns hans með umkvörtun og kröfu um lagfæringu. Trúnaðarmönnum stéttarfélags ber að gefa félagi því sem hefur valið þá skýrslu um umkvartanir verkamanna strax og við verður komið. Enn fremur skulu þeir gefa félaginu skýrslu um það sem þeir telja að atvinnurekandi eða fulltrúar hans hafi brotið af sér við verkamenn og félög þeirra.

11. gr.

Ž Atvinnurekendum og umboðsmönnum þeirra er óheimilt að segja trúnaðarmönnum upp vinnu vegna starfa þeirra sem trúnaðarmanna eða láta þá á nokkurn annan hátt gjalda þess að stéttarfélag hefur falið þeim að gegna trúnaðarmannsstörfum fyrir sig. Nú þarf atvinnurekandi að fækka við sig verkamönnum og skal þá trúnaðarmaður að öðru jöfnu sitja fyrir um að halda vinnunni.

12. gr.

Ž Nú vanrækir trúnaðarmaður störf sín samkvæmt lögum þessum að dómi stéttarfélags þess sem hefur útnefnt hann og er þá stjórn viðkomandi stéttarfélags heimilt að svipta hann umboði sínu og tilnefna annan trúnaðarmann í hans stað úr hópi verkamanna á vinnustaðnum samkvæmt reglum 9. gr.

13. gr.

ž Heimilt er stéttarfélögum, eða stéttarfélögum og samböndum stéttarfélaga, að gera með sér samning um gagnkvæman stuðning. Er atvinnurekendum og öllum trúin-aðarmönnum þeirra óheimilt að láta starfsmenn sína á nokkurn hátt gjalda þess að þeir hafi gert slíka samninga eða stuðlað að því að þeir yrðu gerðir.

II. kafli. Um verkföll og verkbönn.

14. gr.

ž Heimilt er stéttarfélögum, félögum atvinnurekenda og einstökum atvinnurekendum að gera verkföll og verkbönn í þeim tilgangi að vinna að framgangi krafna sinna í vinnu-deilum og til verndar rétti sínum samkvæmt lögum þessum með þeim skilyrðum og takmörkunum einum sem sett eru í lögum.

15. gr.

ž Þegar félag atvinnurekenda eða stéttarfélag ætlar að hefja vinnustöðvun er hún því aðeins heimil að ákvörðun um hana hafi verið tekin við almenna leynilega atkvæðagreiðslu með þátttöku a.m.k. fimmtungs atkvæðisbærra félagsmanna samkvæmt atkvæða- eða félagaskrá og að tillagan hafi notið stuðnings meiri hluta greiddra atkvæða. Heimilt er að viðhafa almenna leynilega póstatkvæðagreiðslu meðal félagsmanna um tillögu um vinnustöðvun og gildir niðurstaða hennar þá óháð þátttöku.

ž Nú er vinnustöðvun einungis ætlað að taka til ákveðins hóps félagsmanna eða starfsmanna á tilgreindum vinnustað og er þá heimilt að taka ákvörðun um vinnu-stöðvun með atkvæðum þeirra sem henni er ætlað að taka til. Þarf þá fimmtungur atkvæðisbærra að taka þátt í atkvæðagreiðslu og meiri hluti þeirra að styðja tillögu um vinnustöðvun.

ž Í tillögu um vinnustöðvun skal koma skýrt fram til hverra henni er einkum ætlað að taka og hvenær vinnustöðvun er ætlað að koma til framkvæmda. Þá er það skilyrði lögmætrar ákvörðunar um boðun vinnustöðvunar að samningaviðræður eða viðræðutilraunir um framlagðar kröfur hafi reynst árangurslausar þrátt fyrir milligöngu sáttasemjara.

ž Samninganefnd eða til þess bærur fyrirvarsmönnum samningsaðila er jafnan heimilt að aflýsa vinnustöðvun. Sömu aðilum er heimilt að fresta boðaðri vinnustöðvun, einu sinni eða oft, um allt að 28 sólarhringa samtals án samþykkis gagnaðila, enda sé frestunin kynnt honum með minnst þriggja sólarhringa fyrirvara. Þó er jafnan heimilt að fresta boðaðri vinnustöðvun og yfirstandandi vinnustöðvun með samþykki beggja aðila.

16. gr.

ž Ákvörðun um vinnustöðvun, sem hefja á í þeim tilgangi að knýja fram breytingu eða ákvörðun um kaup og kjör, ber að tilkynna sáttasemjara og þeim sem hún beinist aðallega gegn 7 sólarhringum áður en tilætlunin er að hún hefjist.

17. gr.

ž Óheimilt er og að hefja vinnustöðvun:

1. Ef ágreiningur er einungis um atriði sem Félagsdómur á úrskurðarvald um nema til fullnægingar úrskurðum dómsins.
2. Ef tilgangur vinnustöðvunarinnar er að þvinga stjórnarvöldin til að framkvæma athafnir sem þeim lögum samkvæmt ekki ber að framkvæma eða framkvæma ekki athafnir sem þeim lögum samkvæmt er skylt að framkvæma, enda sé ekki um að ræða athafnir þar sem stjórnarvöldin eru aðili sem atvinnurekandi. Gildandi lög um opinbera starfsmenn haldist óbreytt þrátt fyrir þetta ákvæði.
3. Til styrktar félagi, sem hafið hefur ólögsmæta vinnustöðvun.

18. gr.

Ž Þegar vinnustöðvun hefur verið löglega hafin er þeim sem hún að einhverju leyti beinist gegn óheimilt að stuðla að því að afstýra henni með aðstoð einstakra meðlima þeirra félaga eða sambanda sem að vinnustöðvuninni standa.

19. gr.

Ž Vinnustöðvanir í skilningi laga þessara eru verkbönn atvinnurekenda og verkföll þegar launamenn leggja niður venjuleg störf sín að einhverju eða öllu leyti í því skyni að ná tilteknu sameiginlegu markmiði. Sama gildir um aðrar sambærilegar aðgerðir af hálfu atvinnurekenda eða launamanna sem jafna má til vinnustöðvunar.